Nr. 1481 28. nóvember 2024

# AUGLÝSING

**um breytingar á vátryggingarfjárhæðum ökutækjatrygginga.**

1. gr.

Með vísan til 6. mgr. 8. gr. laga um ökutækjatryggingar, nr. 30/2019, er ákveðið að hámark vátryggingarfjárhæðar ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 5. mgr. 8. gr. sömu laga verði 5.978 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 583 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Með vísan til 4. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar, nr. 30/2019, er ákveðið að hámark vátryggingarfjárhæðar slysatryggingar ökumanns og eiganda skv. 3. mgr. 9. gr. sömu laga verði 448 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu vátryggingartaka skv. 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1244/2019 um ökutækjatryggingar, er 659.000 kr. fyrir einstakling og 3.295.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu í iðgjaldagrundvelli skv. 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar er 165.000 kr.

4. gr.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi auglýsing um breytingar á vátryggingarfjárhæðum ökutækjatrygginga, nr. 1220/2023.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 28. nóvember 2024.*

F. h. r.
**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Elísabet Júlíusdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 12. desember 2024